

Fimleikabing 16. maí 2024

pingskjal nr. _____

Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 1. gr. laga Fimleikasambands Íslands.

1. gr.

Heiti og aðsetur.

Fimleikasamband Íslands (FSÍ) er samband fimleikaráða, íþróttahéraða og eru öll félög íþróttahreyfingarinnar, er iðka, æfa, sýna og keppa í fimleikum aðilar að FSÍ í gegnum sambandsaðilana.

Aðsetur FSÍ og varnarþing er í Reykjavík.

Verði

1. gr.

Heiti og aðsetur.

Fimleikasamband Íslands (FSÍ) er samband fimleikaráða, **héraðssambanda og íþróttabandalaga, hér eftir nefnd íþróttahéruð**, og eru öll félög íþróttahreyfingarinnar, er iðka, æfa, sýna og keppa í fimleikum aðilar að FSÍ í gegnum sambandsaðilana.

Aðsetur FSÍ og varnarþing er í Reykjavík.

Greinargerð:

Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti lög FSÍ frá Fimleikabingi 2023 með áorðnum breytingum en þó með fyrirvara um ofangreindar lagfæringar á 1. grein laganna á næsta ársþingi sambandsins.

Sent til:

Laganefndar Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar _____ nefndar